

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA

1. GREIN – BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA

Landssamtök skáta á Íslandi heita Bandalag íslenskra skáta, skammstafað BÍS. Aðsetur þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. GREIN – FÉLAGSAÐILD AÐ BÍS

Hver sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, skilja skátalögin og starfa samkvæmt Grunngildum BÍS. Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

- Aðild A** Skátafélög með starf fyrir - og félaga á aldrinum 7-25 ára.
- Aðild B** Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með félaga sem flestir eru eldri en 26 ára.
- Aðild C** Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS.
- Aðild D** Skátar með beina aðild að BÍS.

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild →	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Þáttökuréttur í viðburðum	forgangur	já	ef unnt er	ef unnt er
Atkvæði á Skátapengi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	já	já	nei	já

BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunngildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

BÍS er aðili að Æskulýðsvettvanginum og starfar eftir þeim reglum, stefnum og viðbragðsferlum sem Æskulýðsvettvangurinn setur sér að fylgja hverju sinni.

3. GREIN – EINKENNI BÍS

Merki BÍS er skátaliljan og smárinn tengd saman með hnúti úr íslenskum vefnaði. Stjórn BÍS setur reglugerð um nánari útfærslu og notkun á merki BÍS og öðrum einkennum skáta.

Orðið og orðmyndin skáti er skráð vörumerki skátahreyfingarinnar á Íslandi. Eingöngu viðurkenndir aðilar af hálfu BÍS, að viðlagðri ábyrgð, hafa heimild til að nota orðmerkið „SKÁTI“ og/eða orðmyndanir dregnar af orðmerkinu. Það sama á við um við- og/eða forskeyti á hverju sem er, s.s. í nafni á félagi eða

samtökum, á vörum, á fatnaði og í auglýsingum. Það sama gildir um öll önnur einkenni skáta.

4. GREIN – GRUNNGILDI BÍS

Grunngildi Bandalags íslenskra skáta mynda sameiginlega grundvöll skátastarfs á Íslandi og skilgreina þannig sérstöðu þess. Þau eru sá grunnur sem Bandalag íslenskra skáta og öll skátafélög á Íslandi starfa eftir. Grunngildi BÍS eru samþykkt af Skátabingi.

5. GREIN – HLUTVERK BÍS

Hlutverk Bandalags íslenskra skáta er að vinna að eflingu skátastarfs á Íslandi. Hlutverk sitt rækir BÍS m.a. með því að:

- Standa vörð um sjálfstæði BÍS sem frjálsra og óháðra félagasamtaka.
- Stuðla að ungmennalýðræði.
- Styðja við og efla starf skátafélaganna í landinu.
- Stuðla að gerð dagskrárefnis til notkunar í skátastarfi, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.
- Stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.
- Standa fyrir dagskrárviðburðum fyrir skáta.
- Annast samstarf um málefni skáta við ríkisvaldið og önnur félagasamtök.
- Vera fulltrúi íslenskra skáta á alþjóðavettvangi skáta.
- Kynna skátastarf og Grunngildi Bandalags íslenskra skáta fyrir almenningi.
- Bera ábyrgð á að BÍS fylgi stefnum alþjóðasamtaka skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt samskiptum við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Bera ábyrgð á fjármálum BÍS og afla tekna er gera BÍS kleift að halda fullu fjárhagslegu sjálfstæði.
- Auka stuðning fullorðinna einstaklinga við skátastarf.
- Gera sem flestum börnum og ungmennum kleift að stunda skátastarf.

6. GREIN - ALÞJÓÐABANDALÖGIN

BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart alþjóðabandalagi skáta, WOSM, og alþjóðabandalagi kvenskáta, WAGGGS, sem og erlendum skátabandalögum.

7. GREIN - SKÁTAFÉLÖG



Stjórn BÍS skal aðstoða og leiðbeina þeim sem stofna vilja nýtt skátafélag, eða endurvekja gamalt, svo sem kostur er.

Stofnun skátafélags, nafn þess, lög og merki, er háð samþykki stjórnar BÍS, enda séu lög hins nýja félags í samræmi við Grunngildi, lög og reglugerðir BÍS og landslög.

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega staðfest á Skátabingi og öðlast hún gildi í lok þess þings.

Hvert skátafélag er sjálfstæður lögaðili. Skátafélög starfa eftir Grunngildum BÍS og þeim meginreglum sem stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, setti skátastarfí og alþjóðasamtök skáta hafa staðfest. Einnig starfa þau eftir lögum og reglugerðum BÍS, æskulýðslögum og öðrum landslögum sem snerta starfsemi þeirra.

Meginhlutverk skátafélaga er að standa fyrir og/eða styðja við reglubundið skátastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 7-25 ára, sem starfa að jafnaði í aldurstskiptum skátasveitum sem skipað er í flokka, auk skátaforingja og annarra fullorðinna.

8. GREIN - SKÁTASAMBÖND

Skátafélögum er heimilt að mynda með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvertvangur og málsvari skátafélaga í sameiginlegum málum. Skátasambönd setja sér starfsreglur í samræmi við lög BÍS.

9. GREIN - LÖG SKÁTAFÉLAGA

Skátafélögum innan BÍS er skyldt að setja sér lög. Í vörsu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í féluginu skal starfa ~~minnst 3 ja manna~~ stjórnstjórn briggja aðila að lágmarki, sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi og gjaldkeri en sami aðili má ekki gegna báðum embættum.
- Í féluginu skal starfa teymi félagabrennunnar, félagsforingi auk dagskrár- og sjálfboðaliðaforingja sem ýmist geta verið embætti innan eða utan stjórnar.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmannameðlima skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í féluginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólk af fleira en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust ~~sé því við komið~~.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.



- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

10. GREIN – GAGNASKIL SKÁTAFÉLAGA

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu fyrir Skátabing árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS:

Félagsaðild	A	B	C	D
Félagatal	ja	ja	ja	ja
Ársskýrsla síðasta starfsárs	ja	ja	nei	nei
Gildandi lög	ja	ja	nei	nei
Starfsáætlun næsta starfsárs	ja	ja	nei	nei
Ársreikningur síðasta starfsárs	ja	ja	nei	nei
Undirritaðri heimild til BÍS til að kanna sakaskrá allra félaga 18 ára og eldri	ja	ja	nei	nei
Nöfn, hlutverk og tengiliðaupplýsingar allra stjórnarmeðlima félagsins	ja	ja	ja	ja

Auk þess skulu aðilar með aðild A, B, C og D starfa í anda Grunngilda BÍS. Þá skulu skátafélög með aðild A og B vera skráð frjáls félagasamtök með kennitölu.

11. GREIN – ÓVIRK SKÁTAFÉLÖG

Í eftirfarandi tilvikum getur stjórn BÍS boðað til aðalfundar skátafélags samkvæmt lögum þess og/eða vikið félagsstjórn þess frá störfum og skipað féluginu umsjónaraðila þar til kosin hefur verið ný stjórn og valinn nýr félagsforingi:

- Aðalfundur, löglegur og skráður samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki verið haldinn í 18 mánuði.
- Ársreikningar félagsins, endurskoðaðir og áritaðir af tilskildum aðilum, hafa ekki verið lagðir fram og samþykktir í 18 mánuði.
- Lágmarksstjórn félagsins, löglega kjörin samkvæmt lögum félagsins, hefur ekki haldið skráðan stjórnarfund í að minnsta kosti 6 mánuði.
- Félagsstjórn fer ekki eftir ákvæðum 10. greinar laga BÍS, eða að starfsemi félagsins samrýmist ekki Grunngildum BÍS, lögum BÍS og/eða landslögum.

Sé skátafélag óvirkt um lengri eða skemmri tíma, þrátt fyrir tilraunir stjórnar BÍS til að efla starf þess, skal stjórn BÍS ráðstafa eigum félagsins samkvæmt lögum þess og í samráði við heimamenn.

12. GREIN – BROTTVÍSUN OG ÚRSÖGN SKÁTAFÉLAGA



Gerist skátafélag eða stjórn þess sek um brot á lögum þessum er Skátaþingi heimilt að víkja féluginu úr Bandalagi íslenskra skáta, að því tilskyldu að 2/3 hlutar þingfulltrúa greiði því atkvæði.

Úrsögn skátafélags úr BÍS er því aðeins gild hafi hún verið samþykkt á lögmætum aðalfundi þess og stjórn BÍS og stjórn viðkomandi skátafélags hafi verið tilkynnt með minnst tveggja mánaða fyrirvara að tillaga um úrsögn komi til afgreiðslu á fundinum. Úrsögnin öðlast þegar gildi.

Skátafélag, sem vikið hefur verið úr BÍS, eða hefur sagt sig úr því, á ekki tilkall til sjóða BÍS eða annarra eigna. Heimilt er að veita því aðild að nýju.

13. GREIN - ÁBYRGÐARAÐILAR Í SKÁTASTARFI

Skátaforingjar eru lögráða einstaklingar sem hefurhafa verið skipaðir til ábyrgðastarfa af hálfu félagsforingja eða skátahöfðingja, samanber reglugerð um hæfi skátaforingja. Hver Allir skátaforingjar bera ábyrgð gagnvart foringja sínum á því að skástarf á hansbeirra vegum sé virkt og í samræmi við landslög, Grunngildi BÍS og lög BÍS.

Félagsforingi ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS.

Störf sjálfboðaliða í skástarfi skulu skilgreind formlega og til ákveðins tíma.

14. GREIN - AÐKOMA FULLORDINNA AÐ SKÁTASTARFI

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri geta haft aðkomu að skástarfi sem skátar með félagsaðild að BÍS, samkvæmt A), B) og C) lið þessarar greinar, eða sem styrktarfélagar samkvæmt D) og E) lið.

- A) Sem meðlimur í skátafélagi með A- eða B - aðild. Viðkomandi skáti borgar þá félagsgjöld til skátafélagsins sem aftur borgar þáttökugjald til BÍS sem og er ábyrgt fyrir skilum á sakaskrárheimild viðkomandi.
- B) Sem meðlimur í hópi skáta sem halda tengslum við BÍS.
 - a. Viðkomandi borgar ekki félagsgjald til BÍS.
 - b. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.
- C) Sem beinn aðili að BÍS með D aðild.
 - a. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald sem á hverjum tíma er jafnt því gjaldi er styrktarfélagar greiða fyrir styrktarpinna BÍS.
 - b. Viðkomandi skilar sakarskrárheimild.
- D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem greiða styrktarpinna eða styrkja BÍS fjárhagslega með öðrum leiðum en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrárheimild, enda hafa þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. Eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.
- E) Skátafélögum er heimilt að stofna sveit í félagatali sínu sem heldur utan um styrktarfélaga félagsins. Um þessa styrktarfélaga gildir það sama og

um styrktarfélaga BÍS, þau eru á skrá styrktaraðila skátafélagsins, en eru ekki með virka félagsaðild að BÍS.

Allir lögráða starfandi skátar og sjálfboðaliðar í starfi skátaheyfingarinnar, **óháð aðildarleið eða þeim verkefnum sem viðkomandi hyggst sinna**, skulu undirrita yfirlýsingum sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi hafi hlutið refsídum vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. **Enda hluti af réttindum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og Skátabingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldrí.** Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátaheyfingunni og hafna styrktaraðilum.

15. GREIN - FÉLAGSFORINGJAFUNDIR

Stjórn BÍS skal a.m.k. árlega boða til félagsforingjafundar. Félagsforingjafundur er vettvangur umræðna um þau mál sem snerta skátastarfið í landinu. Félagsforingjafundur er ráðgefandi samkoma.

16. GREIN - UNGMENNAPING

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennaþings. Til Ungmennaþings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennaþing skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátabing ár hvert. Ungmennaþing er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennaþingi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátabing ár hvert ásamt því að kjósa árlega áheyrnafulltrúa ungmenna í stjórn BÍS og fulltrúa í ungmennaráð. Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.

Á Ungmennaþingi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennaþing skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennaþing er undanskilið því skilyrði að Ungmennaþing skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátabing ár hvert.

17. GREIN - SKÁTABING

Skátabing fer með aðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátabings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal tilgreina til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. Kosningaár skal fara fram á sléttu ártali.

Aukabing skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara.



Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

18. GREIN – FRESTIR TENGDIR SKÁTAPINGI

Minnst 4 vikum fyrir Skátabing skulu tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn BÍS.

Minnst 3 vikum fyrir Skátabing skulu beiðnir um upptöku tiltekinna mála, sem þarfnað afgreiðslu og/eða umræðu á Skátabingi, hafa borist stjórn BÍS.

Tillögur um mál sem til umfjöllunar eru á þinginu, samkvæmt útsendri dagskrá, geta komið fram á þinginu sjálfu.

Minnst 2 vikum fyrir Skátabing skal stjórn BÍS senda félagsforingjum og kynna eftirfarandi:

- Drög að dagskrá Skátabings.
- Drög að skýrslu stjórnar.
- Drög að ársreikningi.
- Fjárhagsáætlun og tillögu að félagsgjaldi skáta til BÍS.
- Drög að starfsáætlun BÍS til fimm ára.
- Tillögur til lagabreytinga.
- Tillögur frá skátum, skátafélögum, stjórn BÍS, ráðum þess og nefndum.
- Kynningu á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu.

Athugasemdir við útsend gögn skulu berast skrifstofu BÍS eigi síðar en einni viku fyrir Skátabing. Skulu þær athugasemdir kynntar þingfulltrúum án tafar.

Þáttökutilkynningar allra þingfulltrúa og gesta skulu berast til skrifstofu BÍS minnst einni viku fyrir Skátabing.

19. GREIN - UPPSTILLINGARNEFND

Á vegum BÍS skal ætíð starfa sérstök 5 manna-uppstillingarnefnd skipuð fimm aðilum, kosin á Skátabingi til tveggja ára. Að lágmarki skal einn nefndarmeðlimur ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Uppstillingarnefnd skal leita eftir fólki til starfa fyrir Bandalag íslenskra skáta samkvæmt því sem fram kemur í 16. grein, 19. grein, 23. grein, 26. grein og 27. grein laga þessara og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.

Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hegt er, að jafnræði sé með kynjunum í stjórn, nefndum og ráðum BÍS sem og að aldursdreifing sé sem jöfnust.

Framboð til áðurnefndra embætta má tilkynna til nefndarinnar og skal það vera skriflegt og undirritað af frambjóðanda. Framboð skulu hafa borist í síðasta lagi 3 vikum fyrir Skátabing.

Nefndin skal ljúka störfum í síðasta lagi 17 dögum fyrir hvort þing. Nöfn, netföng og símanúmer nefndarmanna skulu tilgreind í fundarboði til Skáta- og Ungmennaþings.

Stjórn BÍS skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi tíu vikum fyrir Skátabing.

20. GREIN - RÉTTUR TIL SETU Á SKÁTAPINGI

Rétt til setu á Skátabingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnar meðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 13-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 13 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátabingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann viðkomandi er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátabingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngildum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn fulltrúar fastaráða og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmennuðilar BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátabings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátabingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnar manni meðlimi skátafélagsins, skal afhenda við upphaf

Skátabings.

21. GREIN - DAGSKRÁ SKÁTAPINGS

Stjórn BÍS gerir tillögu að dagskrá Skátabings og niðurröðun dagskrárlíða.

Í upphafi Skátabings skal borin upp tillaga stjórnar BÍS að dagskrá Skátabings. Einnig skal kosið í 3 ja manna kjörnefnd, skipaða premur bingfulltrúum, er

fjallar um réttmæti þingfulltrúa og atkvæðafjölda á þinginu og ~~5 manna~~ allsherjarnefnd, skipaða fimm þingfulltrúum, sem vinnur úr og samræmir álitamál sem upp kunna að koma á þinginu og fundarstjóri vísar málum til. Aðeins þingfulltrúar þeirra félaga sem staðið hafa skil á gögnum og greiðslum skv. 10. grein hafa kjörgengi í nefndirnar. Ef ágreiningur er innan þingnefnda við ákvarðanatöku ræður meirihluti nefndarmannameðlima og er ákvörðun þingnefnda endanleg.

Á þinginu gilda almenn fundarsköp.

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátabings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og bað næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárlíðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
- Kosning stjórnar skv. 23. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. grein
- Kosning þriggja manna aðila í skoðunarnefndar skv. 27. Grein

22. GREIN – STARFSHÆTTIR STJÓRNAR BÍS

Stjórn BÍS stýrir starfsemi BÍS á milli Skátabinga í umboði þess. Stjórn BÍS skal skipuð sjö skátum: skátaþöfðingja, gjaldkera og fimm meðstjórnendum. Stjórn skal funda reglulega, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnar mannameðlima sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Fundir stjórnar BÍS skulu auglýstir á heimasíðu BÍS með minnst viku fyrirvara nema í neyðartilvikum.

Öllum skátum er heimilt að sitja fundi stjórnar BÍS. Skátum má víkja af stjórnarfundi ef ræða á viðkvæm trúnaðarmál.

Samþykktar fundargerðir stjórnar BÍS skulu birtar á heimasíðu BÍS. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók.

Öllum skátum er heimilt að bera erindi undir stjórn BÍS.

23. GREIN - KOSNING STJÓRNAR BÍS

Skátabing kýs stjórnar **menn meðlimi** til tveggja ára í senn. Að lágmarki skal einn stjórnar **mæður meðlimur** ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Kosning fer fram á tveggja ára fresti.

Kjörgengi hafa allir lögráða skátar.

Kosning fer fram á Skátabingu á tveggja ára fresti og skal vera kosið í embætti skátaþöfingja, gjaldkera og 5 meðstjórnenda. Sérstaklega er kosið um skátaþöfingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

Við kosningu stjórnar **mann meðlima** skal þess gætt að **þeirbau** séu ekki **allir** **öll** af sama kyni.

Stjórnar **menn meðlimir** mega ekki sitja í stjórn lengur en fjögur kjörtímabil í röð. Láti einhver stjórnar **mann meðlima** af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnar **manns meðlims** er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd **mannaskipa** í stöðuna fram að næsta aðalfundi.

24. GREIN - ÁBYRGÐ STJÓRNAR BÍS

Skátaþöfingi er formaður stjórnar og leiðtogi alls skátastarfs. Stjórnin deilir með sér verkum.

Sameiginlega ber stjórn BÍS ábyrgð á:

- Að skátastarf á Íslandi sé í samræmi við landslög, Grunngildi BÍS, lög og reglugerðir
- Bandalags íslenskra skáta.
- Starfi stjórnar **mann meðlima**, nefnda og ráða á hennar vegum.
- Öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum og þarf samþykki stjórnarfundar fyrir þeim.

25. GREIN - UMBOÐ STJÓRNAR BÍS

Stjórn BÍS kemur fram fyrir hönd íslenskra skáta gagnvart einstaklingum, lögaðilum og ríkisvaldi í sameiginlegum málefnum hreyfingarinnar. Samþykki stjórnar BÍS þarf fyrir inngöngu BÍS í önnur samtök og félög. Stjórn BÍS skal leita staðfestingar næsta Skátabings á slíkri aðild.



Stjórn BÍS ræður framkvæmdastjóra að undangenginni auglýsingu.

Stjórn BÍS setur reglugerðir um starfsemi skáta innan BÍS og aðra þætti starfsins, eftir því sem þurfa þykir hverju sinni, enda rúmist efni þeirra innan laga BÍS.

Reglugerðir skulu kynntar aðildareiningum BÍS. Hlutverk reglna og reglugerða er að kveða nánar á um skipulag einstakra þátta í starfsemi íslenskra skáta.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra. Stjórn er heimilt að skipa sér ráðgjafa eftir þörfum hverju sinni.

Stjórn er heimilt að skipa skáta í embætti og ákveða verksvið þeirra. Þau geta eftir atvikum starfað náið með fastaráðum BÍS.

Upplýsingar um starfandi nefndir, vinnuhópa og embætti skulu ávallt aðgengilegar á heimasíðu skátanna.



26. GREIN - FASTARÁÐ BÍS

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega Ungmennaþingi til eins árs. Að auki situr stjórnar maður meðlimur í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátabings eða fundarboði Ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeirbau bjóða sig fram.

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosningaára skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd mannaskipa í stöðuna fram að næsta aðalfundi.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þáttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunngildum Bandalags íslenskra skáta.

27. GREIN - ÁRSREIKNINGAR BÍS

Reikningsár BÍS er almanaksárið. Reikningar BÍS og dótturfélaga skulu skoðaðir ár hvert af löggiltum endurskoðanda, kosnum af Skátabingi til tveggja ára í senn.

Félagsleg skoðun reikninga BÍS og dótturfélaga er í höndum þriggja manna félagslegrar skoðunarnefndar skipaða premur aðilum sem Skátabing kýs til tveggja ára í senn. Félagslegir skoðunarnefndar mennaðilar reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍS sem snerta fjármál. ÞeirPau bera ábyrgð gagnvart Skátabingi og skulu eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍS og er stjórninni skyld að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess.

Felli Skátaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til framhaldsbings sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

28. GREIN – FJÁRHAGUR BÍS

Fjárhagsgrundvöllur BÍS skal tryggður með fjárfamlögum skátafélaga, styrktarfélaga, opinberra aðila og með fjároflunum.

Stjórn BÍS er heimilt að efna til fjáraflana ef þær krefjast ekki þáttöku almennra skáta í landinu. Fjáraflanir sem krefjast slíkrar þáttöku skulu samþykktar á Skátaþingi eða með skriflegri atkvæðagreiðslu félagsforingja og ræður meirihluti.

Óheimilt er að veðsetja fasteignir BÍS nema að undangengnu einróma samþykki stjórnar BÍS.

29. GREIN – SLIT BÍS

Til þess að slíta Bandalagi íslenskra skáta eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 4/5 hluta greiddra atkvæða á lögmætu Skátabingi.

Með slíkri samþykkt er störfum þess þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til auka-Skátaþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt, með atkvæðum a.m.k. 4/5 hluta atkvæðisbærra fulltrúa, að slíta BÍS, skulu það heita lögleg slit þess.

Ákvæði laga þessara um Skátabing skulu gilda um aukabingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta BÍS skal aukabingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi BÍS skulu renna.

30. GREIN – BREYTINGAR Á LÖGUM BÍS

Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar greiddra atkvæða á Skátaþingi samþykki þá breytingu.

Auk þess þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tveggja Skátaþinga í röð til að breyta Grunngildum BÍS og 4. grein þessara laga.

31. GREIN – AÐGENGI AÐ SAMÞYKKTUM BÍS

Lög BÍS og Grunngildi BÍS, ásamt gildandi reglugerðum, skulu ávallt vera aðgengileg á heimasíðu BÍS.

32. GREIN – SÍÐAST BREYTT

Lög þessi eru sett á Skátaþingi 2023 og öðlast þegar gildi.